

SAMNINGUR UM SÉREIGNARSPARNAD

Nafn réttihafa: Kennitala:
Heimilisfang: Sími:
Staður: Póstnúmer:
Vinnuveitandi: Kennitala:
Heimilisfang: Staður:

Réttihafi og Sameinaði lífeyrissjóðurinn, kt. 620492-2809, Borgartúni 30, 105 Reykjavík, gera með sér eftirfarandi samning um aðild réttihafans að séreignardeild Sameinaða lífeyrissjóðsins.

1. gr. Iðgjaldagreiðslur

Réttihafi skuldbindur sig til að greiða mánaðarlega inn í séreignardeild sjóðsins sem hér segir:

_____ % af heildarjárhæð greiddra launa.

2. gr. Ávöxtunarleiðir

Í Aldursleið færast séreignarsparnaðurinn sjálfkrafa milli Aldursleiða 1-4 eftir aldri réttihafa, sbr. töflu að neðan. Einnig er hægt að velja fasta Aldursleið 1, 2, 3 eða 4. Engin breyting verður þá með aldri nema réttihafi óski þess skriflega. Ef Innlánsleið er valin ávaxtast séreignarsparnaðurinn eingöngu á innlánsreikningum banka og sparisjóða.

| | Aldursleið 1 | Aldursleið 2 | Aldursleið 3 | Aldursleið 4 | Innlánsleið |
|-------------------------|--------------|--------------|--------------|-----------------|-------------|
| Aldursbil | 16 - 39 ára | 40 - 54 ára | 55 - 64 ára | 65 ára og eldri | |
| Fjárfestingarstefna: *) | | | | | |
| Innlán | 2% | 4% | 5% | 6% | 100% |
| Skuldabréf | 38% | 56% | 75% | 94% | |
| Hlutabréf | 60% | 40% | 20% | | |

*) Hlutfallstölur í töflunni sýna markmið um eignasamsetningu skv. fjárfestingarstefnu sjóðsins. Í fjárfestingarstefnunni eru vikmörk á einstökum eignaflokkum. Um þau, ásamt nánari skýringum á ávöxtunarleiðum og fjárfestingarstefnu séreignardeildar sjóðsins, má lesa á heimasíðu sjóðsins, [www.lifeyrir.is](#). Einnig má nálgast upplýsingarnar á skrifstofu sjóðsins að Borgartúni 30, Reykjavík, s. 510 5000. Fjárfestingarstefnan er endurskoðuð árlega og getur breyst vegna lagabreytinga eða skv. ákvörðun stjórnar að undangenginni tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

Réttihafi óskar eftir að inneign hans samkvæmt samningi þessum verði ávöxtuð með eftirfarandi hætti. Merkið aðeins við einn valkost:

- Aldursleið - Inneign flyst sjálfkrafa milli Aldursleiða 1-4 eftir aldri
 Aldursleið 1 - föst
 Aldursleið 2 - föst
 Aldursleið 3 - föst
 Aldursleið 4 - föst
 Innlánsleið

3. gr. Fyrirkomulag iðgjaldagreiðslna

Fyrirkomulagi greiðslu skal háttað á eftirfarandi hátt:

Atvinnurekandi sendir greiðslu.

Undirritaðir staðfesta hér með ofangreindan samning um séreignarlífeyrissparnað. Samningurinn er gerður samkvæmt heimild í lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og gilda þau lög ásamt reglugerð nr. 698/1998 um réttarsamband aðila auk þeirra skilmála sem fram koma á bakhlíð þessa samnings. Sameinaði lífeyrissjóðurinn afhendir/sendir réttihafa og launagreiðanda sitt hvort afritið af staðfestum samningi.

Staður og dagsetning

Réttihafi

F.h. Sameinaða lífeyrissjóðsins

4. gr. Aðrir samningsskilmálar:

4.1 Iðgjaldgreiðslur samkvæmt samningi skulu hefjast eigi síðar en tveimur mánuðum eftir að samningur er gerður.

4.2. Hefja má úttekt á innstæðu eða gera sérstakan útborgunarsamning tveimur árum eftir fyrstu greiðslu iðgjalds, þó ekki fyrir en rétthafi hefur fullnægt einhverju viðbótarskilyrðanna sem greind eru í 4.2.1.-4.2.3.

4.2.1. Þegar rétthafi er orðinn 60 ára er heimilt að hefja útborgun lífeyrissparnaðar og vaxta, að vali rétthafa með eingreiðslu eða jöfnum greiðslum á lengra tímabili.

4.2.2. Verði rétthafi öryrki og orkutapið sem hann verður fyrir er 100% á hann rétt á að fá lífeyrissparnað og vexti greidda út með jöfnum árlegum greiðslum á sjö árum. Nú er örorkuprósentan lægri en 100% og lækkar þá árleg útborgun í hlutfalli við lækkun örorkuprósentunnar og úttektartíminn lengist samsvarandi. Ef inneign rétthafa er lægri en 500.000 krónur skal samkvæmt ósk greiða rétthafa hana á skemmri tíma en mælt er fyrir um í 11. gr. laga nr. 129/1997 eða í eingreiðslu óski rétthafi þess. Viðmiðunarfrjárhæð þessi breytist árlega í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs miðað við grunnvísitölu 173,5 stig.

4.2.3. Deyi rétthafi áður en innstæða er að fullu greidd út, fellur hún til erfingja hans og skiptist milli þeirra eftir reglum erfðalaga. Láti rétthafi ekki eftir sig maka eða barn rennur innstæðan til dánarbúsins og gildir þá ekki takmörkunin í 2. másl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 129/1997.

4.3. Rétthafa er heimilt að ráðstafa innstæðu sinni og flytja réttindi sín til annars vörsluaðila lífeyrissparnaðar sem uppfyllir lagaskilyrði til að bjóða upp á samninga af þessu tagi. Rétthafi greiðir allt að einu prósentu af inneign sinni í kostnað vegna flutningsins skv. gjaldskrá vörsluaðila.

4.4. Rétthafa er heimilt að flytja innstæðu sína milli vörsluaðila, sbr. gr. 4.3, en að öðru leyti er óheimilt að framselja, veðsetja eða ráðstafa til þriðja aðila innstæðu eða réttindum samkvæmt samningi þessum. Ekki verður gerð aðför í réttindum samkvæmt samningi þessum og enginn skuldheimtumaður í dánarbúi eða þrotabúi hefur rétt til að skerða þessi réttindi á nokkurn hátt.

4.5. Stjórn sjóðsins er heimilt, að fenginni skriflegri beiðni einstakra rétthafa, að draga af inngreiddum iðgjöldum þeirra, upphæð sem svarar til iðgjalds vegna líf- og/eða heilsutryggingar. Lífeyrissjóðurinn skal vera aðili að samningum um slíkar tryggingar og komi til greiðslu tryggingarfjár til rétthafa skal hún greidd rétthafa í samræmi við 11. gr. laga nr. 129/1997.

4.6. Samningur þessi er ótímabundinn en uppsegjanlegur af hálfu aðila með tveggja mánaða fyrirvara. Uppsögn skal vera skrifleg og miðast upphaf uppsagnarfrestsins við afhendingu tilkynningar.

4.7. Samningur þessi er byggður á lögum nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða og reglugerð nr. 698/1998 sem sett er með stoð í lögnum. Samningurinn hefur hlotið staðfestingu fjármálaráðherra í samræmi við 10. gr. laga nr. 129/1997.